

# NORÐURLJÓS

Fréttabréf Norðuráls

13. tbl. 22. desember 2011. Ritstjórar: Rakel Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson, Brian D. Marshall og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.

*Óskum starfsmönnum og  
fjölskyldum þeirra  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári  
Með þökk fyrir samstarfið á árinu*



## Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

### Jólakveðja

### Kæru samstarfsmenn

Árinu sem er að líða hefur verið lögð mikil áhersla á öryggismál. Við ýttum af stað viðamiklu verkefni sem við köllum „Örugg hegðun“ og hafa hátt í 200 manns farið í þjálfun vegna þessa. Árangur okkar í öryggismálum hefur vakið athygli og gestir sem koma í heimsókn til okkar hrósa okkur fyrir hve öll umgegni um vinnusvæði er góð. Góð umgegni er lykilatriði í að ná góðum árangri í öryggismálum.

Framleiðslan hefur gengið vel á árinu. Með markvissu viðhaldi og þjálfuðum starfsmönnum

er áreiðanleiki búnaðar alltaf að aukast og eru því truflanir í lágmarki. Það stefnir í að við sláum nýtt framleiðslumet og náum að framleiða um 280 þúsund tonn af áli. Með samvinnu og frábærri frammistöðu í öllum deildum höfum við náð þessum árangri og vil ég nota tækifærið og þakka öllum starfsmönnum Norðuráls fyrir vel unnin störf á árinu.

Nú líður senn að jólum og við tökum flest þátt í því á einn eða annan hátt að undirbúa hátíðirnar. Við sjáum marga sumarstarfsmenn

koma inn til að leysa af fasta starfsmenn yfir hátíðarnar. Þetta er fyrirkomulag sem hentar báðum aðilum. Fastir starfsmenn geta tekið hluta af orlofi fyrir hátíðarnar og skólafólk fær möguleika á að ná sér í tekjur í jólafríinu. Ég óska öllum starfsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

**Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri  
Norðuráls Grundartanga**

Birna Björnsdóttir kerskála

## Þegar jólasveinarnir komu í heimsókn

Ég ólst upp á Höfn í Hornafirði. Við erum fjórar systur svo það var stuð heima um jólin.

Á aðfangadag komu jólasveinar heim að dyrum með gjafir fyrir krakkana. Þessi pakki var opnaður rétt fyrir mat heima hjá okkur. Þegar ég var 6 ára hafði verið keypt koka fyrir mig og yngri systur mína. Mér fannst þetta



Þínu flott í jólafötunum.



nú heldur lélegt og vildi alls ekki sofa í efri kojunni með einhver barbísængurföt sem mamma var svo góð að kaupa fyrir mig. Þennan aðfangadag komu nokkrir sveinar heim að dyrum, eins og alltaf, og hann Gluggagægir leit inn um svefnherbergisglugga okkar systra og var svo ánægður með kojurnar. Allir hinir jólasveinarnir hlupu að glugganum og þeir

ætluðu sko að fá hana Grýlu til að útbúa svona handa þeim. Það var kannski von að Gluggagægir liti inn um gluggann hjá mér því elsta systir mín hafði nefnilega hitt hann fyrr um morguninn og sagt honum frá þessum flottu kojum. Þennan aðfangadag eyddi ég öllum í efri kojunni brosandí út að eyrum með pakkann frá sveininum í höndunum.

Trausti Gyfason öryggisstjóri

## Sporin eftir jólasveininn

Jólahefðin er rík á mínu heimili. Ég ólst upp við mikla jólastemningu þar sem undirbúningurinn hófst í byrjun desember. Yfirleitt safnaðist stórfjölskyldan saman í laufbrauðsgerð á fyrsta sunnudegi aðventunnar í þá daga. Jólalög voru spiluð og sungin á meðan hundruð laufbrauða voru skorin og steikt yfir daginn. Í dag kaupum við reyndar laufbrauðið en enn sem áður hefjast herlegheitin í byrjun desember með því að hengja upp seríur auk þess sem byrjað er að taka húsið í gegn fyrir jólin við ljúfar nótur jólaganna. Á borðum eru rjúpur á aðfangadag, hangið ket á jóladag og létta í magann hina jóladagana. Á gamlárskvöld er risa kalkúnn sem er nógu stór til að vera í afganga á nýársdag.

Ein æskuminning frá jólnum frá því ég var litill. Einn aðfangadagsmorgun þegar við systkinin vöknuðum var nýfallin mjöll og greinilegt að jólasveinninn hafði heimsótt okkur um nóttina. Í mjöllinni voru hringlaga spor eftir sveinka sem lágu í burtu frá heimilinu. Var það okkur mikið rannsóknarefni sem entist aðfangadag að rekja sporin og reyna að geta í eyðurnar hvað hefði



orðið um sveininn. Áratugum síðar játaði pabbi okkar því að hann hafði notað hjólbarða til verksins og verið að þuða við þetta lengi um

morguninn þannig að öll vegsummerki voru sem líkust því sem sveinarnir 13 hefðu verið þar á ferð.



# Í snældubrjáluðu veðri í jólafríið

Fanney Karlsdóttir liðsstjóri í skautsmiðju fæddist og ólst upp vestur í Bolungarvík. Hún er næstyngst sex systkina, fimm árum eldri en örverpið í hópnum. Hvort sem það var þess vegna, að athyglin hafi beinst meira að öðrum í systkinahópnum en Fanneyju, varð hún mjög hænd af móðurömmu sinni og afa, Fanneyju Annasdóttur og Sölva Ásgeirssyni, sem áttu heima á Flateyri. Hjá þeim var Fanney flest jól frá unga aldri fram á unglingsár.

“Á þessum tíma var það mikið ferðalag að fara frá Bolungarvík til Flateyrar, sérstaklega að vetrinum þegar bara var fært sjóleiðina. Þá var farið á milli með standferðaskipinu og póstbátnum Fagranesi. Þegar ég fór til afa og ömmu með síðustu ferðinni fyrir jólin, kom báturinn frá Ísafirði um átta leytið um morguninn. Síðan var siglt til Suðureyrar og stoppað þar til að skila farþegum, pósti og vörum. Þaðan var svo haldið til Flateyrar. Þetta tók talsverðan tíma að sigla milli fjarða og til Flateyrar var komið um hádegisbil.

Ég var alltaf jafn spennt að fara í jólafríinu til afa og ömmu. Það var alveg sama hvernig viðraði, alltaf fór ég og var sjóveik í hverri ferð. Ég skreið þá í kojju og framan við kojuna var fest járnfata með ælupoka í. Þannig að það þurfti bara að halla sér aðeins út úr kojuni þegar ólgan gerði vart við sig, en fyrir utan veltinginn fór þessi bátalykt sem ég kallaði illa í mig.

Einu sinni var sérstaklega slæmt veður. Þá var varla hægt að komast um borð en ég fór samt. Nokkrum árum seinna sagði umboðsmaður Fagranessins í Bolungarvík við mig, að hann hefði nú verið undrandi á að mér væri sleppt í þá ferð, enda snældubrjáluð veður.

Þegar ég kom til Flateyrar var mér alltaf vel fagnað, af afa og ömmu og frændsystkinum sem

ég átti þar og voru aðeins yngri en ég. Ég var líka talsvert hjá þeirri fjölskyldu þessar tæpar tvær vikur sem ég átti í jólafríinu. Það var ekkert sem hét að skreppa á þessum tíma og heim til Bolungarvíkur fór ég ekki aftur fyrr en nýárið var gengið í garð.”

## Minnisstæðasta jólagjöfin

Aðspurð sagði Fanney hafa tekið með sér jólagjafir heiman frá og alltaf verið spennandi að opna pakkana á aðfangadagskvöld. Aðspurð hvort einhver jólagjöfin hafi verið sérstaklega eftirminnileg sagði hún það hafa verið.

“Ég held það hafi verið þegar ég var 11 ára. Þá fékk ég í gjöf frá mömmu og pabba þennan fína snjógalla, ljósbláan, ofboðslega fallegan. Ég hafði ekki átt svona flík áður og mér fannst gallinn svo flottur, ég held ég hafi varla farið úr honum öll jólin.”

Vestfirðingar eru þekktir fyrir skötuna á Þorláksmessu. Fanney sagði hafa kynnst þeirri venju eins og allir fyrir vestan. “Það var

soðin skata í hádeginu og svo var svokölluð skötustappa um kvöldið. Þá tók amma skötuna, hnoðmörinn og kartöflurnar og þeytti þessu saman, þannig að úr varð svolítið loftkenndur matur. Þeim fannst þetta gott, en ég kunni aldrei að meta skötuna. Ég hef þó verið að smakka hana í seinni tíð og er alltaf að komast meira og meira á bragðið. Á aðfangadagskvöld var gúllas hjá ömmu og afa sem í dag er kallað stroganoff. Það þótti góður jólamatur.”

Spurð um atlettið sem Fanney fékk hjá afa sínum og ömmu segir hún. “Já, það vantaði ekkert upp á það og ég elskaði að vera hjá þeim þótt mér liði líka ágætlega heima. Sem, dæmi um það sem haft var fyrir mér, þá átti amma stól sem hún klæddi sjálf taui. Það fékk enginn að sitja í honum nema ég. Þegar amma og afi féllu frá og búinu var skipt, sögðu systkini mömmu að það kæmi ekki annað til greina en ég fengi þennan stól. Það varð úr og ég á hann ásamt minningunni um allt það góða sem ég naut í jólafríinu og á öðrum tímum hjá afa og ömmu á Flateyri.”



Fanney með Egló systur sinni.



Með Laufeyju stóru systur og litla frændanum Sölva Fannari.

# Myndagáta Norðurljósa - verðlaun í boði!

Starfsmenn Norðurljósa eru hvattir til að spreyta sig á myndagátunni hér að neðan. Lausnum skal komið til Guðrúnar Hjaltalín í móttöku í umslagi, merkt myndagáta Norðurljósa eigi síðar en föstudaginn 13 janúar kl. 16:00. Ef fleiri en ein rétt lausn berast verður vinningshafinn dreginn út og hlýtur hann bíomiða fyrir tvo. Ritstjórn Norðurljósa þakkar Birni Jóhannessyni, formanni farartækjaverkstæðis, kærlega fyrir að hafa samið og teiknað þessa skemmtilegu myndagátu.



# Svipmyndir frá jólahlaðborði Norðuáls



*Egill Jón Kristjánsson og Vilborg Þórhallsdóttir.*



*Bjarni Ólafsson og Guðrún Markúsdóttir.*



*Davíð Sveinsson ásamt konu sinni á tali við Ingþór Sigurðsson.*



*Dedik.*



*Kristvin Bjarnason og Heiðrún Guðmundsdóttir.*



*Tinna Björk Pálsdóttir og Ottó Prastarson.*



*Hlín Karlsdóttir og Ragnar Ragnarsson.*



*Elías Ottesen og Sigurður Hjaltason.*

# Álsveinarnir

Segja vil ég sögu  
af sveinunum þeim,  
sem brugðu sér hér forðum  
á bæina heim.

Þeir uppi á fjöllum sáust,  
- eins og margur veit, -  
í langri halarófu  
á leið niður í sveit.

Gryla var þeirra móðir  
og gaf þeim tröllamjólk,  
en pabbinn Leppalúði,  
- það var leiðindafólk.

Þeir álsveinar nefndust,  
- um jólin birtust þeir.  
Og einn og einn þeir komu,  
en aldrei tveir og tveir.

Þeir voru þrettán  
þessir heiðursmenn,  
sem ekki vildu ónáða  
allir í senn.

Að dyrunum þeir læddust  
og drógu lokuna úr.  
Og einna helzt þeir leituðu  
í eldhús og búr.

Lævisir á svipinn  
þeir leyndust hér og þar,  
til óknyttanna vísir,  
ef enginn nærri var.

Og eins, þó einhver sæi,  
var ekki hikað við  
að hrekkja fólk - og trufla  
þess heimilisfrið.



## 12. des

Spírustaur kom fyrstur,  
stinnur eins og tré.  
„Ég kann að drepa risin  
eins og ekkert sé“.

Þá gusugangur ógurlegur,  
- gerði við sig vart,  
slettur reyndu að svífu um,  
- og sviða líkamspart.



## 13. des

Súrálsgaur var annar,  
með gráa hausinn sinn.  
- Hann skreið ofan í tunnu  
og skauzt um rörin inn.

Hann faldi sig í hopperum  
með háðung sína og spott,  
og vildi ei verða að áli  
þó svo öðrum þætti flott.



## 14. des

Spækur hét sá þriðji  
stubburrinn sá.  
Hann settist undir skautin,  
þegar kostur var á.

Hann olli miklum usla  
sem aðrir gáfu gaum,  
því ljúfu litlu skautin  
leiddu allt of mikinn straum.

## 15. des

Sá fjórði, Sköfusleikir  
var fjarskalega mjór.  
Og ósköp varð hann glaður,  
ef að inn í kerid fór.

Þá þaut hann eins og elding  
eftir gólfi ekki leynt,  
já svona skal allt líta út,  
og vera slétt og hreint.

Jóhannes úr Kötlum og Pétur Ottesen  
Teikningar: Jón Ingi Gylfason.



## 16. des

Sá fimmti, Skautaskelfir,  
skokkar héra hring.  
- Með undarlega mælistöng  
minnir á verkfræðing.

Og kallar „úlfur, úlfur“  
það eflaust væri frétt.  
Ef vísbending um vörtuskautin  
væri sönn og rétt.



## 17. des

Hinn sjötti, Deiglusleikir,  
sá er dæmalaus.  
Hann rjátlar við sinn rosa-bor  
við rykið ekki laus.  
Svo vaskur líkur verkinu  
já vel hann þetta kann,  
Dýrðleg virðist og djásni lík  
er deiglan alveg hrein.



### 18. des

Sjöundi var þekjuskellir,  
- sá hafði ei vinarþel,  
ef fólkíð vann á milli kerja  
-og vildi gera vel.  
Hann var ekki sérlega  
hnugginn yfir því,  
ef harkalegur heyrðist skellur  
-svo hélt hann burt á ný.



### 19. des

Sá áttundi, Brjótajarmur,  
var skelfilegt nauð.  
Af grimmd og krafti gegnum þekju  
gat á hana braut.

Hann montinn var og mikið þótti  
þótt mælgín væri ei röng,  
- „án mín væri engin mötun,  
og kerin væru svöng“.

### 20. des

Níundi var Kranakrækir,  
kænskur bæði og snar.  
Hann hentist upp í rjáfrín  
og gerði skunda þar.

Upp í krana sat hann  
í hita, svækju og reyk  
klippti á víra kaldhæðinn,  
svo kraninn alla sveik.



### 21. des

Tíunda nefnum Pottagægi,  
þann piltunga ég finn,  
sem laumaðist á enda lokin  
og leit í kerin inn.

Ef eitthvað var þar inni  
hann ákafann fékk sting,  
og ekkert gladdi hann meira  
en gæða covering.



### 22. des

Ellefti var Flúorþefur,  
- fékk sá aldrei kvef,  
og hafði þó svo hlálegt  
og heljarstórt nef.  
Hann ilm af góðu gasi  
gjarnan næmur fann,  
og léttur, eins og reykur,  
á lyktina rann.



### 23. des

Álkrókur, sá tólfti,  
kunni á ýmsu lag.  
Hann þrammaði að Grundartanga  
á Þorláksmessudag.

Hann krækti sér í álsýni,  
þegar kostur var á.  
En stundum reyndist stuttur  
stauturinn hans þá.



### 24. des

Þrettándi var Hleifasníkir,  
- þá var tíðin köld,  
ef ekki kom hann síðastur  
á aðfangadagskvöld.

Starfsfólk steypuskála  
brosti, en gleðin þraut  
er sá þau hann hlaupa  
með álstaðu á braut.

Á sjálfa jólanóttina,  
- sagan hermir frá, -  
á strák sínum þeir sátu  
og störfu ljósín á.

Svo tíndust þeir í burtu,  
- það tók þá frost og snjór.  
Á þrettándanum síðasti  
sveinstaulinn fór.

Fyrir löngu á fjöllumun  
er fennt í þeirra slöð.  
- En minningarnar breytast  
í myndir og ljóð.

# Þá taldi ég víst að jólin væru að koma

Snæbjörn Kristjánsson er frá Breiðalæk á Barðaströnd. Hann hefur lengi starfað hjá Norðuráli á Verkfræði- og umhverfissviði. Snæbjörn hefur haldið tengslin við sínar uppeldisstöðvar, m.a. í Breiðfirðingafélaginu í Reykjavík, þar sem hann hefur verið formaður síðustu fimm árin. Einnig syngur hann með Breiðfirðingakórnum. Snæbjörn rifjaði upp minningar frá bernskunni á Breiðalæk að beiðni blaðamanns Norðurljósa.

“Ég man eftir því að mér var litíð út um eldhúsgluggann heima og sá að himininn var eldrauður. Þá taldi ég víst að jólin væru örugglega að koma. Á aðfangadag var allt kapp lagt á að mjólka kýrnar snemma og gefa kindunum svo að hægt væri að borða jólamatinn sem fyrst eftir klukkan sex. Maturinn á aðfangadagskvöld var niðursoðið kjöt, sem mamma hafði soðið og sett í glerkrukkur að hausti og geymdi til jóla. Á þessum tíma voru frystikistur ekki til og var þetta ein af aðferðunum til að geyma kjötið. Með kjötinu voru brúnaðar kartöflur og rabarbarasulta. Á eftir var borðaður hrísgrjónagrautur með rúsinum og kanilsykri. Þegar búið var að vaska upp eftir matinn var farið að opna jólapakkana og síðan jólakortin. Ein jólin fengum við bræðurnir hvellhettubyssur og voru þær prófaðar á jóladagsmorgun, en þá sátum við inni í stofu og skutum svo mikið að ekki sá handaskil vegna þúðurreyks.



Á jóladag var alltaf hangikjöt með kartöflum í hvítu sósu, uppstúf, og laufabrauð. Á eftir var ávaxtagrautur með þeyttum rjóma. Ég man fyrst eftir jólatré hjá ömmu og afa sem smíðað var úr tré og greinarnar vafðar með pappír og skreytt með einilyngi. Á enda greinanna voru lifandi kerti því ekkert rafmagn var á þeim tíma og húsinn lýst upp með olíulömpum og kertum. Á jóladag var alltaf farið í jólaboð til ömmu og afa á Innri-Múla, sem var næsti bær. Hluti af þeirri heimsókn var að hlusta á jólabarnatímann í útvarpinu og síðan að smakka allar kökurnar hjá ömmu, en

hún bakaði yfirleitt um 20 smákökusortir, enda keppni á milli bæja um það hver bakaði flestar sortir. Þá var einnig farið í jólaboð á bæina í nágrenninu og man ég eftir að hafa fengið heimagerðan ís, en hann var frystur með því að hræra saman salti og snjó. Jólaskemmtun var haldin í samkomuhúsinu um hver jól og þar komu tveir jólasveinar, annar í rauðum fötum en hinn í grænum. Jólasveinarnir gáfu okkur epli, en ég var voðalega hræddur við þessa skrýtnu karla. Síðan var gengið í kringum jólatréð, jólalög sungin og yfirleitt spilað á harmonikku.”

## Erfiðasti tími ársins

Jólunum fylgja oft streita, tímaleysi, smákökur, heitt kakó og auðvitað ljúffengu jólamáltíðirnar. Á aðventunni er alltof algengt að fólk hendi frá sér gömlum hollum venjum og hafa auðvitað engan tíma til að æfa og varla elda. Skyndibitastaðir græða óvenju mikið í desember. Er það orðið ásættanlegt að bæta á sig um jólin?



Það virðist vera að fólk sætti sig við að hafa þyngst um jólin því þau eru nú bara einu sinni á ári. Það er hægt að eiga góð jól án þess að þurfa að strita og þúla í nokkra mánuði á eftir til að taka þessi jólakíló af sér.

• Alls ekki taka þér frí frá hreyfingunni. Það er alltaf hægt að finna smá tíma þó það sé ekki nema 20-30 mín en það munar helling fyrir líkamann.

• Aðfangadagur, jóladagur, annar í jólum, gamlársgangur, nýársdagur, samtals fimm dagar og njótið þeirra en reynið að haldið ykkur við holla fjölbreytta fæðu hina 25 dagana.

• Það er yndislegt fyrir fjölskylduna að fara í langan skemmtilegan göngutúr á hátíðardögum, njótið útiverunnar og brennið steikinni í leiðinni.

• Það þarf ekki að fá sér þrjá diska þó að það séu jól. Látið einn disk nægja og borðið frekar rólega og njótið matarins.

• Ef þið hafið ekki tíma til að elda erum við Íslendingar afar heppnir með úrval hollustu skyndibitastaða hér á landi. Veljið þá frekar. Með þessu getið þið átt frábær jól án þess að það bitni á heilsunni.

Heimild: [www.heilsubot.is](http://www.heilsubot.is)



# Jólaball Norðuráls í Grundaskóla



## Spurning dagsins

Hvað er skemmtilegast við jólin?

# Í þau gömlu góðu...

Ein samkoma er ómissandi fyrir starfsmenn Norðuráls og börn þeirra, en það er hin árlega jólaskemmtun starfsmannafélagsins. Þann 29. desember 2005 var haldin eins best heppnaða jólatrésskemmtun starfsmannafélagsins fyrr og síðar. Stjórnandi skemmtunarinnar var Gísli S. Einarsson þáverandi vélvirki á vélaverkstæðinu og síðar bæjarstjóri Akraness. Sá hann um að ungir sem aldnir dönsuðu í kringum jólatréð og sungu fullum hálsi. Gestir gerðu góðum veitingum skil og ekki skemmdi fyrir að sveinkar tveir sóttu börnin heim á



Ég sá mömmu kyssa jólasvein....  
Systurnar Lilja Dögg og Helga Björk Helgadóttir í „vafasömum“ félagsskap.



Börn starfsmanna sitja í fangi jólasveinanna, Brynhildur Traustadóttir í fangi Guðmundar og Guðni Freyr Bjarnason í fangi Andrésar.

skemmtunina og allir fengu smá nammi í poka. Eins og sést á meðfylgjandi myndum voru sveinkarnir góðlátlegir kumpánar sem ungir sem aldnir kunnu vel við. Börnin höfðu efasemdir hvort jólasveinarnir væru ekta en það skal upplýst svona mörgum árum síðar að þarna voru þeir Guðmundur Magnússon

innkaupafulltrúi og Andrés Magnússon vélvirki á ferðinni, þannig að grunsemdir barnanna voru á rökum reistar. En skemmt er frá því að segja að hin fullorðnu voru handviss um að þarna voru hinir raunverulegu Kertasníkir og Hurðaskellir komnir.

Trausti Gylfason

## 32 starfsmenn í fyrsta árgangi í stóriðjuskólanum

Starfsmenn koma úr kersmiðju, kerskála, lager, skautsmiðju og steypuskála. sjöftu og níu manns sóttu um inngöngu í skólann. Við val á þátttakendum í námið var tekið tillit til eftirfarandi þátta: Að umsækjendur hafi starfað a.m.k. 30 mánuði hjá Norðuráli, þeir hafi sterka öryggisvitund, góða mætingarsögu og fái góða umsögn frá næsta yfirmanni. Síðast

en ekki síst var þess gætt að engin deild yrði verulega undirmönnuð vegna þátttöku starfsmanna í náminu. Námið í stóriðju er kennt samkvæmt námskrá sem gefin er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og viðurkennd af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Nemendum er skipt í tvo hópa – hópur 1 eru í kennslu á miðvikudögum og

hópur 2 á föstudögum. Skólasetningin er áætluð í fyrstu vikunni í janúar. Fyrstu kennsladagar eru verða 6. og 11. janúar 2012. Kennsla mun fara fram að mestu leyti í fundaherberginu Búrfelli á Grundartanga. Fyrsta önn er 14 vikur að lengd. Eftirfarandi fög verða kennd á fyrstu önn:

Námskeið	Kennari	Stofnun
Eðlisfræði	Finnbogi Rögnvaldsson	Fjölbrautaskóli Vesturlands
Efnifræði	Finnbogi Rögnvaldsson	Fjölbrautaskóli Vesturlands
Grunnnám í stóriðju	Óskar Jónsson	Norðurál
Námskypping	Inga Dóra Halldórsdóttir	Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Námstækni og samskipti	Guðrún Vala Elísdóttir	Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Stærðfræði	Hafdis Fjóra Ásgeirsdóttir	Fjölbrautaskóli Vesturlands
Tölvur	Hörður Baldvinsson	Fjölbrautaskóli Vesturlands
Vélfræði	Hörður Baldvinsson	Fjölbrautaskóli Vesturlands
Öryggismál	Öryggisvið	Norðurál

Nánari upplýsingar um námið veitir Brian Daniel Marshall, fræðslustjóri



Helga Magnúsdóttir  
ræstingum:  
Samveran með fjölskyldunni.



Gunnar Birgir Ólafsson  
vélvirki:  
Fjölskyldustund, þegar allir eru komnir saman.



Sigrún Reynisdóttir  
mötuneyti:  
Skemmtilegast er að vera með fjölskyldunni.



Steinunn Dögg Steinsen  
verkfræðisviði:  
Samveran með fjölskyldunni.



Fjalal Vigfússon kerskála:  
Friin og að fjölskyldan komi saman.



## Tíu ára starfsafmæli

Árlegt er að halda samkvæmi til heiðurs þeim starfsmönnum sem unnið hafa hjá Norðuráli í tíu ár, og mökum þeirra. Að þessu sinni var starfsafmælið haldið á Hótel Holti. Ragnar Guðmundsson forstjóri flutti stutt ávarp og einnig fulltrúi starfsmanna, að þessu sinni Bjarni Ólafsson. Rifjaði Bjarni á gamansaman hátt upp gamla og góða daga hjá fyrirtækinu. Heiðursgestirnir í samkvæminu, starfsmennirnir sem fögnuðu tíu ára afmælinu, voru svo leystir út með gjöfum frá Norðuráli.

**Tíu ára starfsafmælið á Hótel Holti. Frá vinstri talið: Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri Norðuráls á Grundartanga, Elías Hilmar Utley, Próstur Vilhjálmsson, Torfi Guðmundsson, Ingþór Sigurðsson, Sigurður Hauksson, Guðmundur Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Bjarni Karvel Ragnarsson, Bjarni Ólafsson, Harpa Hrönn Davíðsdóttir, Hjálmar Þór Jónsson, Guðjón Sigurjónsson, Einar Sigurður Sigursteinsson og Ragnar Guðmundsson forstjóri. Á myndina vantar Arinbjörn Axel Georgsson, Pétur Jónsson og Ísleif Pál Karlsson.**



## Þar sem fjögur kerti koma saman

Nú þegar stutt er í jólin er gott að fara yfir nokkur mál heima hjá okkur sem stuðla að öryggi í brunavörnum. Reykskynjarar eru ódýr öryggistæki sem ættu að vera á hverju heimili. Skerandi vælið í þeim getur bjargað mannlífum. En til þess þurfa þeir:

1. Að vera til staðar og á réttum stað.
2. Að vera réttrar gerðar og í lagi.
3. Að hafa góða raffhlöðu.

Á hverju heimili skal vera handslökkvitæki, eldvarnateppi og reykskynjari. Í fjölbýlishúsum þarf handslökkvitæki að vera á hverjum stigapalli. Til eru margar gerðir slökkvitækja fyrir heimili. Slökkvitæki á að vera við útgönguleið og vel sýnilegt. Eldvarnateppi eru til í mörgum stærðum. Þau má þvo og því er hægt að og nota þau aftur og aftur. Teppið er lagt yfir það sem brennur, t.d. pönnu eða pott með olíu eða feiti. Ef teppið fer ofan í feiti í potti getur logað í gegnum það. Þá þarf að taka teppið af og slökkva í því t.d. með því að trampa á því og byrja upp á nýtt.

### Ljós og rafmagnstæki

Gætið þess að ljósaperur þurfa lágmarksfjarlægð frá lampaskermum sem miðast við styrk perunnar. Aldrei má skreyta ljósaperur með brennanlegum efnunum. Sérstaklega eru halógenkastarar hættulegir í þessu samhengi, en alltaf ber að virða þær lágmarksfjarlægðir sem gefnar eru upp á slíkum kösturum. Þessi fjarlægð ætti aldrei að vera minni en 50 sm. Ljósaseriur gefa einnig frá sér hita og því má ekki setja þær þannig að kviknað geti í út frá þeim. Seríum sem eru skemmdar á að láta fagmann yfirfara eða einfaldlega henda þeim. Sumar seríur eru þannig að þegar slokknar á einni peru þá hitna hinar perurnar meira. Hendum út ónýtum rafmagnsseríum og minnkum hættuna á eldsvoða.

*Trausti Gylfason öryggisstjóri*

## Jólamaturinn í mötuneytinu

**Borðin svignuðu undan kræsingum í mötuneytinu fimmtudaginn 15. desember í jólamatnum. Starfsmenn tóku hraustlega til matar síns og bæði aðal- og eftirréttir runnu ljúflega niður. Ragnar Ólason í kerstjórni og Íris Edda Jónsdóttir spiluðu og sungu létt jólalög. Dúettinn þeirra heitir „Bara tvö“**



## Verðlaunaafhending í ljósmyndakeppni

**Á dögunum voru veitt verðlaun í ljósmyndakeppni Norðuráls 2011 sem haldin var í tilefni Heilsuárs að tilstuðlan Ljósmyndaklúbbs Norðuráls. Á myndinni eru Gunnar Guðlaugsson framkvæmdastjóri, Jónas Heiðar Birgisson sem varð í 2. sæti og Daniel Stefán Halldórsson sem átti bestu myndina í keppninni. Bragi Benteinsson sem varð í 3. sæti gat ekki verið viðstaddur verðlaunaafhendinguna. Bestu myndirnar þrjár birtust í Heilsuársblaðinu sem út kom nú í desember. Verðlaun í keppninni fyrir þrjú efstu sætin voru út að borða fyrir tvo og miðar í leikhús og bió.**



## Hvers væntum við um jólin?

Fyrirsagnir eins og „Engin jól án ....“ eða „Jólagjöfin í ár er .....“ eru ekki óalgengar á þessum árstíma. Nú í desember rignir yfir okkur jólablöðum, gjafabæklingum og auglýsingum í útvarpi

### Punktur

- Að meðaltali unnu 42 manns við Helgúvíkurverkefnið í nóvember.
- Helstu verkefni voru:
- Leiðslustokkar á milli afriðla- og aðveitustöðvanna.
- Steypuvinna í aðveitustöð.
- Lagning aðalræsis frá verksmiðju í sjó.
- Í Helgúvík verða engar framkvæmdir frá 23. desember til 9. janúar.

og sjónvarpi, þar sem reynt er að hafa áhrif á hvernig við högum okkar í jólaundirbúningi og jólahaldi.

Algengt er að kvartað sé yfir kaupæðinu á aðventunni, örtröðinni, háa verðinu og öllum þessum umbúðum í kringum jólin. Einnig geta menn orðið þreyttir á jólatónlistinni sem dynur daginn inn og út og virðist stundum ætla allt lífandi að drepa.

Enn hvers væntum við um jólin? Samveru með vinum og vandamönnum, langbráð frí og hvíld, stórar og miklar gjafir, eða er það eitthvað allt annað sem við væntum? Sá sem væntir lítils, hlakkar yfirleitt lítið til, hinn sem væntir mikils, hlakkar yfirleitt mikið til.

Sumir af okkar samstarfsmönnum þurfa að fórna samveru sinni við fjölskyldu og vini á þessum tíma til að halda rekstrinum gangandi. Þeir eru að sjá um þá þætti í rekstri álversins sem ekki er hægt að slökkva á eða skilja eftir án eftirlits svo umhverfi okkar og vinnustaður virki eðlilega. Fyrir það eigum við hin að vera

þakklát. Segja má að það sé stóra jólagjöfin sem þessir samstarfsmenn okkar eru að gefa okkur hinum.

Hægt er að fullyrða að sú jólagjöf sem er efst á jólagjafalista okkar hér í Helgúvík sé að Helgúvíkurverkefnið fari af stað á fullt á komandi ári með öryggi og hagsæld íslensku þjóðarinnar og Norðurlás að leiðarljósi. Væntingarnar eru til staðar hjá okkur öllum og þar af leiðandi tilhlökkunin mikil; að takast á við að reisa og koma í rekstur öðru heims-klassa álveri í eigu Norðurlás.

Við hérna í Norðurlá í Helgúvík óskum öllum starfsmönnum Norðurlás gleðilegrar jóla og farsældar á nýju ári. Jólin eiga að snúast um annað og meira en kaupæði og umbúðir, jólin eiga að vera hátíð friðrar, kærleika, umburðarlyndis, samveru, sameiningar og þakklættis.

*Torfi Dan Sævarsson  
Aðstoðar verkefnisstjóri  
Norðurlál Helgúvík Project.*

## Norðurlásmót í körfubolta

Það voru um 180 kátir krakkar, á aldrinum 6-11 ára, sem héldu heim á leið með bros á vör úr íþróttahúsinu í Borgarnesi sunnudaginn 11. desember sl. eftir að hafa att kappi á Norðurlásmótinu í körfubolta. Á mótinu voru stig ekki talin í leikjum því aðaláhersla var lögð á þátttökuna um leið og krakkarnir fengu tækifæri til að prófa að spila körfubolta í búningi. Mikil leikgleði skein úr andlitum krakkanna og mörg tilþrif sýnd. Mættu til leiks lið frá ýmsum stöðum á landinu. Er þetta í fyrsta skipti sem körfuknattleiksdeild Skallagríms heldur mót af þessari stærðargráðu fyrir yngstu iðkendur á grunnskólaaldri og naut til þess tilstyrks Norðurlás. Þorkell Þorkelsson tók þessar skemmtilegar myndir af kátum krökkum á mótinu.

